

FUNDARGERÐ

129. stjórnarfundur KRAFT

129. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á Zoom 9.ágúst 2021 kl. 19.30

Fundarmenn : Gry, Rúnar, Hinrik, Þórunn Brynja, Lára, Aron Ingi, Auðunn og Laufey
Fjarverandi : -
Fundarritari : Laufey

1. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Samþykkt.

2. ÁRNAÐARÓSKIR

Stjórn fagnaði verðlaunum Júlíans á EM í búnaði og Elsu á EM Masters í klassík. Júlían fékk brons í samanlögðum árangri og gull í réttstöðulyftu. Elsa varð Evrópumeistari og stigahæst kvenna í sínum aldursflokki, M3 þar sem hnébeygjan, réttstaðan og samanlagður árangur eru heimsmet í M3. Stjórn sendir þeim og öðrum keppendum á þessum mótum árnaðaróskir.

3. STREYMI

Er í vinnslu (Auðunn).

4. RÚV / FJÖLMIÐLAR

Lára er að taka saman lista sem hægt er að nota þegar senda á fréttir á fjölmiðla.

5. ÍM Í KÓPAVOGI

Er búið og gekk í heildina vel.

6. LANDSLIÐSMÁL

- Tvö alþjóðleg mót eru búin.
- Næsta mót er V-Evrópumótið. Tveir fulltrúar Íslands ætluðu að keppa en hafa dregið sig úr keppni.
- Arnold Classic hefur verið felld niður.
- Átta keppendur verða með á HM í klassík.
- NM unglinga er enn á dagskrá í nóvember.

7. ÞJÓÐARLEIKVANGUR

Er í vinnslu. Hinrik ætlar að hitta Aron Friðrik við tækifæri. Gry ætlar að heyra hljóðið í Lyftingasambandinu varðandi Þjóðarleikvang.

8. RIG 2022

Vinna við reglugerð um RIG er í vinnslu hjá Gry., Sendir á stjórn við tækifæri.

9. SAMSTARF VIÐ ÍF

Pórunn Brynja mun hitta Önnu Karólínu frá ÍF í vikunni.

10. ÞJÁLFARANÁMSKEIÐ

Fyrsta lota verður 11.-12. september og önnur lota í október.

11. DÓMARANÁMSKEIÐ

Umræða varð um vandræði sem hafa skapast (of oft) við að útvega dómara fyrir mót. Frekar regla en hitt að vinna við það sé á síðustu stundu. Hingað til hefur þetta verið á ábyrgð mótshaldara. Stjórn ályktaði að réttast sé að öflun dómara fyrir mót sé á ábyrgð dómaranefndar. Laufey mun senda þessa ályktun á dómaranefnd.

Jens hjá LFK hefur boðist til að halda byrjendamót í lok september.

Dómaranefnd þarf að festa dagsetningar á dómaranámskeið. Laufey heyrir í dómaranefndinni

12. TÉKKLISTI MÓTSHALDARA

Stjórn samþykkti að Lára, Rúnar og Laufey munu gera tékklista fyrir mótshaldara sem verður aðgengilegur á netinu.

13. ÍM BEKKPRESSA

Gry heyrir í Aroni Friðriki hvernig undirbúningur gangi hjá Stjórnunni.

14. HÚSNÆÐI

KRAFT mun væntanlega fá stærri skrifstofu sem við munum deila með Lyftingasambandi Íslands. Stjórn hefur samþykkt þennan ráðahag. Svar frá ÍSÍ er að vænta í vikunni og þá mun

Gry senda út beiðni um mannskap til að hjálpa til við flutning. ÍSÍ er að skoða hvort hægt sé að útvega KRAFT geymslu.

15. ÖNNUR MÁL

KRAFT barst minnisblað frá fagráði Æskulýðsvettvangsins vegna Kraftlyftingafélags Akureyrar. KFA hefur einnig verið í skoðun hjá ÍBA. Það er ljóst að vegna alvarleika málsins þarf að taka málið föstum tókum og vinnur stjórn KRAFT að því að heillindum.

16. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

17. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.21.10.